



Leikskóli Húnabyggðar

Starfsáætlun 2025-2026



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Hagnýtar upplýsingar um skólann	2
Mat á skólastarfi	3
Starfsþróunaráætlun	3
Stoðþjónusta	3
Áherslur í leikskólastarfinu	4
Helstu áherslur starfsársins 2025 – 2026	4
Foreldrasamvinna	6



Inngangur

Leikskóli Húnabyggðar varð til við sameiningu sveitarfélaganna Blönduóssbæjar og Húnavatnshrepps þann 1. júní 2022. Við leikskólann eru tvær starfsstöðvar sem staðsettar eru á Blönduósi.

Í húsnæði leikskólans við Hólabraut eru fjórar deildir: Þúfubær, Hólabær og Fellabær.

Fjallabær er í viðbótar húseiningum sem staðsettar eru á lóð skólans við Hólabraut.

Stóri Fjallabær er staðsettur í húsnæði Húnaskóla á neðri hæð Gamla skóla. Á Stóra Fjallabæ er elsti árgangur leikskóla Húnabyggðar og koma þeir nemendur sem búa í dreifbýli með skólabílum.

Hér á eftir er fjallað um skólafærsemi leikskóla Húnabyggðar starfsárið 2025 - 2026.

Skipulag og megináherslur í starfinu eru kynntar ásamt upplýsingum um samstarf við foreldra, innra mat og vinnulag starfsfólks.

Skólanámskrá leikskóla Húnabyggðar 2023 – 2026 er í vinnslu. Ekki er búið að vinna skólastefnu fyrir sveitarfélagið en unnið er að stefnumótun.

Einkunnarorð leikskólans eru virðing, vinátta og gleði.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Daglegur opnunartími leikskólans er 7:45 til 16:15. Lokað er í fjórar vikur á sumri um miðja 28. viku og opnað í miðri viku 32.

Í septemberbyrjun voru 63 nemendur í leikskólanum og enginn biðlisti. Drengir eru 31 og stúlkur 32. Eins og áður hefur komið fram er leikskólinn með tvær starfsstöðvar: Stóra-Fjallabær, þar eru 13 nemendur og á starfsstöð við Hólabraut eru 50 nemendur.

Erlendur uppruni

	Fjöldi barna
Báðir foreldrar með annað móðurmál en íslensku	6 / 9.5%
Annað foreldri með íslensku sem móðurmál	5 / 7.9
Alls:	11 / 17,5%
Fjöldi tungumála fyrir utan íslensku: þýska, pólska, letneska, úkraínska og Amharíska	5

Starfsfólk

	fjöldi	stöður
Stjórnun/sérkennsla/tengiliður farsældar	3	2,8
Starfsfólk á deildum	21	20,6
Verkefnastjóri	1	0,5
Eldhús	1	1
Ræsting	2	
Alls:	28	24,9



Leikskólakennarar eru í 80 % stöðu á deildum. Einn starfsmaður hefur lokið B.Ed.-gráðu í leikskólakennarafræðum. Einn starfsmaður hefur lokið B.Ed. -gráðu og er á fimmta ári í leikskólakennarafræðum. Þrír starfsmenn eru á öðru ári og einn hóf nám í haust.

Mat á skólastarfi

Sveitarfélagið hefur gert samning við fyrirtækið Meta Geta sem rekur kerfi sem heldu utan um innra mat.

„Inn í kerfinu gerir leikskólinn langtímaáætlun innra mats, sem býr sjálfkrafa til matsáætlun skólaársins, skólinn velur matsleiðir fyrir þá matsþætti og sendir út kannanir og önnur matstæki sem ákveðið er að nota við innra matið. Niðurstöður kannana birtast inn í kerfinu og tengjast beint þeim þáttum sem lá fyrir að meta samkvæmt áætlun. Þeir þættir sem koma út sem veikleikar færast sjálfkrafa yfir í umbótahluta kerfisins og inn í umbótaáætlun. Skólinn getur fylgst með framkvæmd og stöðu umbóta og innra mats allt á einum stað.

Leiðbeiningar fyrir hvert þrep/fund skólans í innra mats ferlinu eru inn í kerfinu, fundargerðir vistast beint í kerfinu, dagsetningar helstu innra mats þátta og umbótafunda, áminningar, sniðmát kynninga fyrir starfsfólk, áætlanir og skýrslur og síðast en ekki síst fjöldin allur af matstækjum, eru dæmi um þætti sem eru inn í kerfinu“ (tekið af vef Metageta 1. Júlí 2025). Aðgangur að kerfinu mun auðvelda alla vinnu við innra mat og gerð umbótaáætlana.

Matsþættir sem metnir verða skólaárið 2025-2026:

- Námssvið leikskólans,
- Uppeldi, menntun og starfshættir
- Skipulag náms og námsaðstæður
- Markmið leikskólans í átt að farsæld barna
- Hlutverk tengiliðar farsældar barns

Starfsþróunaráætlun

Haustönn 2025	Vorönn 2026
• Námskeið Lubbi • Haustþing leikskóla í Skagafirði og Húnavatnssýslum • Starfsdagur Húnabyggðar • Hæglæti í skólastarfi	• Ræktun í skólastarfi • Heilsueflandi leikskóli • Hagnýt ráð /atferlisfræðingur

Stoðþjónusta

Sérkennslustjóri starfar við skólann í 80% starfi. Sérkennslustjóri annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna, sér um að skipuleggja sérkennslu í samvinnu við aðra sérfræðinga. Hann útbýr beiðnir til nemendaverndarráðs í samvinnu við deildarstjóra sem og beiðnir um sérfræðiþjónustu. Sérkennslustjóri er tengiliður farsældar en tengiliðir vinna mál barna á fyrsta stigi.



Fyrsta stig felur í sér grunnþjónustu sem er aðgengileg öllum börnum. Að veita snemmtækan stuðning og fylgja eftir á markvissan hátt í samvinnu við alla hlutaðeigandi.

Nemendaverndarráð skólans fundar mánaðarlega. Í nemendaverndarráði leikskóla starfa leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, fulltrúi félagsþjónustu og fræðslustjóri. Nemendaverndarráð fjallar um málefni nemenda sem lögð hafa verið fyrir ráðið og finnur þeim farveg.

Á skólaárinu er fyrirhugað að stofna sérkennsluteymi og móta starfslýsingu, markmið og leiðir fyrir teymið.

Áherslur í leikskólastarfinu

Helstu áherslur starfsársins 2025 – 2026

Innra mat

Markviss vinna við innra mat skólans heldur áfram þar sem rýnt er í hina ýmsu þætti í starfi skólans með það að markmiði að auka gæði starfsins. Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um leikskólastarfið.

Markmið:

- að bæta nám leikskólabarna og efla fagmennsku kennara
- að bæta upplýsingagjöf og innra eftirlit

Leiðir:

- að vinna samkvæmt matsáætlun
- innleiða notkun matstækisins Meta geta
- að auka gæði starfsins með virku innra mati

Lýðræði í skólastarfi

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau séu hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund. Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð (Aðalnámskrá leikskóla).

Markmið:

- að efla lýðræðislegt leikskólastarf þar sem börn finna að þau séu hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti.
- að hver og einn fái tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Leiðir:



- Gefa nemendum tækifæri á að taka virkan þátt í samræðum og á að hafa áhrif á leikskólastarfið
- Í hópvinnu er lögð áhersla á að nemendur hlusti hver á annan og skiptist á skoðunum
- Nemendum eiga að fá val um verkefni og vinnubrögð

Snemmtæk íhlutun

Í leikskólanum er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun þar sem markmiðið er að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Unnið er út frá niðurstöðum þeirra matslista sem við höfum réttindi á.

Markmið

Hafa áhrif á þroskaframvindu eins snemma og unnt er.

Öflug málörvun

Markvisst er unnið að því að bæta orðaforða, efla málskilning barnanna og hljóðkerfisvitund. Leiðir:

- Notast er meðal annars við kennsluefnið Lubbi finnur málbein, orð eru ævintýr, TMT og þjálfunarverkefni skólans.

Vinátta

Vinátta er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti. Vinátta þjálfar félagsfærni og samskipti og stuðlar að góðum skólabrag. Jafnframt byggir verkefnið á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem eru í samræmi við Barnasáttmálann, heimsmarkmiðin og aðalnámskrá.

Markmið:

- að samfélagið í leikskólanum einkennist af umburðarlyndi og virðingu
- að skapa umhverfi þar sem börn sýna hvert öðru umhyggju
- að börn læri að bregðast við neikvæðri hegðun og einelti
- að virkja einstaklinga og gefa þeim hugrekki til að grípa inn í og verja félag sína

Leiðir:

- að vinna með kennsluefnið á öllum deildum leikskólans

Hæglæti í skólastarfi

Í hæglátu starfi gefst tækifæri til að dýpka skilning og þróa nám barna með því að *dvelja með þeim* – fylgjast með, hlusta og ígrunda saman í gegnum uppeldisfræðilegar skráningar. Við leggjum áherslu á að virða fjölbreytt tjáningarform barna og gefa þeim tíma og rými til að miðla hugmyndum sínum og reynslu.

Markmið:

- að taka mið af hraða, takti og áhugamálum barna
- að gefa tíma fyrir athugun, hlustun, ígrundun og skráningu
- hvetja til rólegra daglegra venja með tíma fyrir undrun og umhyggju.

Leiðir:

- starfsfólk ígrundar og skoðar alla þætti skólastarfsins með það í huga að skapa meiri ró og flæði í daglegu starfi.



Heilsueflandi leikskóli: upphaf innleiðingar

Heilsueflandi leikskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í sínu starfi. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan barna og starfsfólks.

Markmið:

- að stuðla að betri heilsu og vellíðan barna og starfsfólks í leikskólum.
- Að skapa aðstæður og umhverfi þar sem fólki getur liðið vel og fengið tækifæri til að blómstra í leik og starfi.

Leiðir:

- Stofna stýrihóp sem setur sér áætlun um framkvæmd
- Vinna við gátlista samkvæmt áætlun stýrihóps

Foreldrasamvinna

Foreldraviðtöl hafa farið fram í mars ár hvert og er tilgangur þeirra að veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið, líðan þess og framgang. Foreldrum er auk þess alltaf velkomið að biðja um foreldraviðtal við deildarstjóra eða leikskólastjóra. Þetta skólaár ætlum við að gera tilraun með að dreyfa viðtölunum á skólaárið.

Foreldrum er boðið í piparkökukaffi á aðventunni og morgunmat á degi leikskólans.

Við skólann er starfrækt foreldrafélag og eiga allir foreldrar og forráðamenn barna í Leikskóla Húnabyggðar aðild að því.

Markmið foreldrafélagsins er að:

- a) vera samstarfsvettvangur foreldra og forráðamanna sem eiga börn í skólanum
- b) verja hagsmuni barna varðandi velferð, öryggi, aðbúnað og fræðslu innan skólans sem utan.
- c) vera sameiginleg rödd foreldra og forráðamanna barna við skólann varðandi skóla- og uppeldismál.
- d) standa fyrir sameiginlegum skemmtunum og viðburðum fyrir börn skólans og fjölskyldur þeirra.

Stjórn

Í stjórn foreldrafélagsins sitja:

Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir, Ásdís Adda Ólafsdóttir, Jón Anton Valdimarsson, Matthildur Birgisdóttir, Sara Björk Þorsteinsdóttir og Ingibjörg Signý Aadnegard.

Foreldraráð

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla, skal skipað foreldraráð í öllum leikskólum og í því skulu sitja að lágmarki 3 foreldrar. Þar segir að kosning skuli fara fram í september ár hvert, til eins árs í senn. Foreldraráðið setur sér starfsreglur og leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.

Hlutverk ráðsins er að efa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð leikskólans 2026-2027 skipa:

Helga Margrét Jóhannesdóttir, Árný Dögg Kristjánsdóttir og Alma Dögg Guðmundsdóttir.